

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1983

Nr. 61

114

20. júlí 1983

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 20. júlí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 62

29. júlí 1983

BRÁÐABIRGÐALÖG

um afnám laga nr. 81 23. desember 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að til að efla traust á íslenska gjaldmiðlinum, eyða mismunun við sölu erlends gjaldeyris og koma í veg fyrir óeðlileg viðskipti með gjaldeyri, og með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslendinga í gjaldeyrismálum, beri brýna nauðsyn til að afnema álag á ferðagjaldeyri.
Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar svohljóðandi:

1. gr.

Lög nr. 81 23. desember 1980 um álag á ferðagjaldeyri falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Jón Helgason.
(L. S.)

Þór Vilhjálmsson.

Albert Guðmundsson.

Stjórnartíðindi A 14, nr. 61—62. Útgáfudagur 29. júlí 1983.